

# Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

## verður haldinn 12. mars 2015

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 12. mars 2015 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00.

### Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- ▶ 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
- ▶ 2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
- ▶ 3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
- ▶ 4. Lækkun hlutfjár vegna kaupa félagsins á eigin hlutum.
- ▶ 5. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
- ▶ 6. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar.
- ▶ 7. Kosið í stjórn félagsins.
- ▶ 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
- ▶ 9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
- ▶ 10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
- ▶ 11. Önnur mál

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 2. mars 2015. Hafi hluthafar krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 27. febrúar - 2. mars 2015, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund eða á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram samkvæmt hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hlut-

hafar vitjað atkvæðaseðla sína í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir aðalfund eða 7. mars nk. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)

Endanleg dagskrá og skjöl, þ.á m. ályktunartillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins ([www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)) og liggja frammi í höfuðstöðvum þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 26. febrúar 2015 .

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

The logo for VÍS (Vátryggingafélag Íslands) consists of the letters 'VÍS' in a white, bold, sans-serif font, set against a red square background.